

## Bætt aðgengi blindra og sjónskertra að menntakerfinu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur kynnt ríkisstjórn tillögur úr nýrri [skýrslu](#) samráðshóps sem menntamálaráðuneyti skipaði og hafði það meginhlutverk að fjalla um bætt aðgengi blindra og sjónskertra á menntakerfinu. Samráðshópurinn var skipaður í kjölfar ályktunar stjórnar [Blindrafélagsins](#) um vanda blindra og sjónskertra í tengslum við aðgengi að menntakerfinu. Í hópnum voru fulltrúar frá Blindrafélaginu, [menntamálaráðuneyti](#), [heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti](#), [félagsmálaráðuneyti](#) og [Sambandi Íslenskra sveitarfélaga](#).

Í skýrslunni er gerð grein fyrir núverandi skipan mála hvað varðar menntun blindra og sjónskertra og settar eru fram tillögur um ýmsar æskilegar umbætur í þjónustu menntakerfisins við blind og sjónskert börn. Í fyrsta lagi er lagt til að stefnt verði að stofnun þekkingarmiðstöðvar sem samhæfi þjónustu við blind og sjónskerta og lagt er til að menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti vinni saman að nánari útfærslu á fyrirkomulagi slíkrar þekkingarmiðstöðvar í samráði við



Samband Íslenskra sveitarfélaga. Ýmsar aðrar tillögur til úrbóta er að finna í skýrslu samráðshópsins, t.d. um úthlutun hjálpartækja til blindra og sjónskertra, aukíð samstarf [Námshagkerfa](#) og [Blindrabókasafns](#) á sviði útgáfu námsgagna og sérstaka blindraletursnefnd sem hafi það hlutverk að vinna að stöðlun og þróun blindraleturs, svo og tilmælum til framhaldsskóla og háskóla að skólarnir setji sér reglur um sértæk úrræði í námi eins og [Háskóli Íslands](#) hefur gert og til

kennaramentunarfélöng vegna menntunar kennara og endurmenntunar. Einnig leggur hópurinn til að kannaðir verði kostir þess að með breytingu á lögum og reglugerðum verði framlög [Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga](#) vegna hvers fatlaðs nemanda tengd viðkomandi einstaklingi og skylt að nýta framlagið til þjónustu við hann og í samráði við hann og aðstandendur hans. Loks leggur hópurinn til að þeim tilmælum verði beint til stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga að við hönnun og framsetningu efnis á netinu verði tekið mið af þörfum blindra og sjónskertra, en í störfum nefndarinnar kom m.a. fram að letrið Arial henti þeim betur en það letur sem víðast er notað. Þess ber að geta að Stjórnarráðið notar einungis Arial letur á sínum vefjum.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að setja af stað vinnu við að hrinta tillögum hópsins í framkvæmd eftir því sem frekast er kostur í samráði við önnur ráðuneyti og hagsmunaaðila.

[Skýrslan](#) er aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis.



Menntamálaráðherra átti óformlegan fund í París með menningarmálaráðherra Frakklands en hér má sjá menntamálaráðherra og samgönguráðherra ræða við franska menningarmálaráðherrann.

### Menningarkynning Íslands í Frakklandi

[Menningarkynning Íslands í París](#) sem hófst 27. september sl. hefur tekist vel og uppselt verið á flesta þá viðburði sem í boði hafa verið. Hefur menningarkynningin þar að auki fengið mikla umfjöllun í frönskum fjölmiðlum.

Á opunarhátíðinni í Palais de la Découverte voru mætir margir framámenn í frönsku menningarlífi, þar á meðal nokkrir ráðherrar í ríkisstjórn Frakklands, og lýstu Frakkar yfir sérstakri ánægju sinni með skipulag kynningarinnar. Kynningin stendur í fimmtán daga og eru fjölmargir viðburðir í gangi á þeim tíma, flestir í París en einnig víðar í Frakklandi.

Undirbúningur menningarkynningarinnar hófst fyrir þremur árum og hafa starfsmenn menntamálaráðuneytis undir stjórn Sveins

Einarssonar, verkefnisstjóra, unnið að undirbúningnum í samstarfi við önnur ráðuneyti og frönsk stjórnvöld en framlag menntamálaráðuneytis til kynningarinnar nemur um 40 milljónum króna en heildarframlag ríkisins er 51 milljón króna. Fjölmargir komu að undirbúningnum og er það góðu samstarfi menntamálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og sendiráðs Íslands í París, samgönguráðuneytis, Reykjavíkurborgar og fjölmargra fyrirtækja að þakka að kynning hefur orðið jafn umfangsmikil og eftirtektarverð og raun ber vitni. Færir menntamálaráðuneyti öllum samstarfsaðilum sínum bestu þakkir fyrir einstakt samstarf.

### Frumvörp sem menntamálaráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi

- Frumvarp til laga um breyting á höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.
- Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið
- Frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum.
- Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn.
- Frumvarp til laga um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum.
- Frumvarp til laga um tónlistarskóla.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996, með síðari breytingum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 66/1995, með síðari breytingum
- Frumvarp til laga um breytingu á

lögum um háskóla nr. 136/1997.

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, með síðari breytingum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999, með síðari breytingum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997, með síðari breytingum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Tækniháskóla Íslands nr. 53/2002, með síðari breytingum.

### 8. málþing Rannsóknarstofnunar KHÍ í Kennaraháskóla Íslands: Tækifæri í fjölbreyttu samfélag: Lýðræði – jafnrétti – fjölmennning

Málþing Rannsóknarstofnunar KHÍ verður haldið dagana 15.-16. október nk. í Kennaraháskóla Íslands. Helsta markmið málþingsins, sem nú er haldið í áttunda sinn, er að skapa vettvang til kynningar á rannsóknar- og þróunarverkefnum og efla nýsköpunarviðleitni uppeldis-, mennta- og umönnunarstétta. Að þessu sinni ber málþingið yfirskriftina *Tækifæri í fjölbreyttu samfélagi: Lýðræði – jafnrétti – fjölmennning*. Á málþinginu verða flutt rúmlega hundrað erindi í málstofum auk lengri fyrirlestra og koma fyrirlesarar frá Íslandi, Danmörku og Bretlandi. Dagskrá og skráningarform er að finna á vefslóðu málþingsins: <http://malthing.khi.is>

